

55. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 24. febrúar 2017 kl. 11:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Sigrún Árnadóttir, Ásgeir Eiríksson, Gunnar H. Garðarsson, Kjartan Eiríksson, Björk Guðjónsdóttir, Brynhildur Kristjánsdóttir, Guðmundur Pétursson, Þuríður Aradóttir, Eggert Sólberg Jónsson og Berglind Kristinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Sigrún Elefsen og Magnús Stefánsson boðuðu forföll,

Dagskrá:

1. Tölvupóstur dags. 3. febrúar 2017 frá Jóni Þórissyni f.h. Grindavíkurbæjar. – Breyting á fulltrúa Grindavíkurbæjar í stjórn Heklunnar og Markaðsstofu Reykjanes.
2. Kynning á umhverfisvottun -Earth Check. Gestur: Birna Heide Reynisdóttir verkefnisstjóri Náttúrustofa Vesturlands.
3. Starfsáætlun Heklunnar 2017.
4. Tilkynning um breytingu á stjórn Markaðsstofu Reykjanes til RSK.
5. DMP – Reykjanes.
6. Fundargerð SAR, dags. 26.01.2017.
7. Afrit af bréfi dags. 9.febrúar 2017 frá Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu. Skipan í ráðgjafanefnd um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára skv. 6.gr. laga nr. 20/2016.
8. Atvinnuleysistölur.
9. Innviðagreining – staðan.

1. Tölvupóstur dags. 3. febrúar 2017 frá Jóni Þórissyni f.h. Grindavíkurbæjar.

Fram kemur í tölvupósti frá Grindavíkurbæ að nýr fulltrúi þeirra, Fannar Jónasson taki sæti í stjórn Heklunnar og Markaðsstofu Reykjanes.

2. Kynning á umhverfisvottun -Earth Check. Gestur: Birna Heide Reynisdóttir verkefnisstjóri Náttúrustofa Vesturlands.

Þessum lið er frestað til næsta fundar.

3. Starfsáætlun Heklunnar 2017.

Lögð fram og verður tekin fyrir á næsta fundi.

4. Tilkynning um breytingu á stjórn Markaðsstofu Reykjanes til RSK.

Framkvæmdastjóra falið að skila inn tilkynningu RSK 17.42 inn.

5. DMP – Reykjanes.

Staða DMP Reykjanes

1. Svæðisráð DMP Reykjanes.

Lagt hefur verið til að stjórn Reykjanes Geopark, Heklunnar og Markaðsstofu Reykjanes myndi svæðisráð DMP Reykjanes. Samþykkt á stjórnarfundum 25. janúar 2016.

Staða DMP vinnunnar verður kynnt inn á stjórnarfundum Reykjanes Geopark , Markaðsstofu Reykjanes og Heklungar.

2. Hagaðilagreining.

Unnin var hagaðilagreining fyrir ferðaþjónustu á Reykjanesi í lok árs 2016 og hún lögð fram á stjórnarfundum 25. janúar 2016.

3. Fjöldi DMP áætlana unnin á Reykjanesi.

Svæðisráð Reykjanes þarf að ákveða fjölda áætlana sem vinna á fyrir svæðið.

Tillaga: Svæðisráð fyrir DMP Reykjanes leggur til að unnin verði ein DMP áætlun fyrir svæðið með tilliti til þeirrar vinnu sem nú þegar hefur farið fram og þeirra áætlana sem liggja fyrir, s.s. Svæðisskipulag Suðurnesja og Reykjanes Geopark.

DMP-Reykjanes nær yfir fimm sveitarfélög Reykjaneskagans; Grindavík, Voga, Reykjanesbæ, Sandgerði og Garð, auk aðkomu aðliggjandi sveitarfélaga í einhverjum tilvikum: Hafnarfjörður og Ölfus.

4. Verkefnastjórn DMP Reykjanes

Svæðisráð Reykjanes þarf að ákveða um ráðningu verkefnastjóra fyrir DMP verkefnið.

Tillögur: Lagt er til að núverandi stoðkerfi (Heklungi, Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geopark) verði falin verkefnastjórn.

- Svæðisráð felur verkefnastjórn að gera tíma- og kostnaðaráætlun fyrir stöðumati DMP verkefnisins innan svæðisins í dag og verkáætlun fyrir næstu skref, auk kostnaðaráætlunar fyrir verkefnastjórn fyrir þennan hluta verkefnisins sem skila þarf inn til Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála.

5. Vinnuhópur DMP Reykjanes

Setja þarf upp vinnuhóp fyrir næsta áfanga DMP áætlunarinnar sem kemur til með að vinna með verkefnastjóra.

Tillaga: Svæðisráð felur verkefnastjórn að setja saman vinnuhóp út frá hagaðilagreiningunni fyrir næsta áfanga DMP vinnunnar er snýr að markaðsgreiningu, gerð markaðsstefnu og hönnun áfangastaðar. Svæðisráð kemur með tillögur að aðilum í vinnuhóp.

6. Markaðsgreining og hönnun áfangastaðar.

Verkefnastjórn er falið að óska eftir tilboðum í markaðsgreiningu frá viðeigandi aðilum og vinna það áfram með vinnuhópi.

Stjórn samþykkir að vinna eina DMP áætlun (stefnumótandi stjórnunaráætlun áfangastaðar) fyrir sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum. Heklungi, Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes verður falin verkefnastjórn. Lögð verður fram tíma- og verkáætlun á næsta fundi stjórnar auk þess sem þar verður lögð fram tillaga að vinnuhópi. Stjórnir Markaðsstofu

Reykjaness, Heklungar og Reykjanes Geopark sem mynda Svæðisráðið munu funda sameiginlega á næsta fundi til að falla um áætlunina.

6. Fundargerð SAR, dags. 26.01.2017.

Lögð fram.

7. Afrit af bréfi dags. 9.febrúar 2017 frá Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu.

Samkvæmt bréf frá Umhverfis- og Auðlindarráðuneytinu eru þær Þuríður H. Aradóttir og Berglind Kristinsdóttir skipaðar sem varamenn í ráðgjafanefnd um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum til næstur þriggja ára.

8. Atvinnuleysistölur.

Lögð fram skýrsla.

9. Innviðagreining – staðan.

Lögð er fram kaflaskipting af innviðagreiningunni. Verkefnið hefur fengið samþykkt af Stýrihóp Stjórnarráðsins sem eitt af áhersluverkefnum 2017. Hluti sviðsmyndagreininganna verður unnin í samstarfi við ISAVIA og Kadeco.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:30.